

*Nefndasvið Alþingis,
velferðarnefnd,
nefnadasvid@althingi.is*

Reykjanesbær, 10. maí 2021.

Umsögn lögreglustjórans á Suðurnesjum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta) – Þingskjal 1193 – 714. mál.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum getur ekki stutt þetta frumvarp.

Þá styður embættið efnislega þær umsagnir sem komið hafa frá ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra og Lögreglustjórafélagi Íslands.

Það er staðreynd að á Íslandi er ekki rekin hörð refsistefna í minniháttar fíkniefnamálum.

Sorglegt er að sjá efnilega krakka í blóma lífsins ánetjast fíkniefnum og þau áhrif sem efnin hafa á heilsu þeirra og stundum það vonleysi og úrræðaleysi til að bregðast við í tíma. Sum börn deyja og önnur bíða þess aldrei bætur. Verða öryrkjar til lífstíðar. Hörmungar fyrir alla, aðstandendur sem aðra.

Verði frumvarpið að lögum má 18 ára einstaklingur kaupa og varsla takmarkað magn af ávana- og fíkniefnum til eigin nota og ekki má lögregla gera efnin upptæk enda verður refsilaust að kaupa og varsla þessi efni ef frumvarpið verður að lögum.

Í greinargerð með frumvarpinu er stutt yfirferð og gagnleg um stefnu og aðgerðir sumra þjóða í þessum efnum. Þannig er því lýst að stjórnarfrumvarp liggi fyrir norska Stórþinginu þar sem lagt er til að varsla neysluskammta verði ekki lengur refsiverð en eftir sem áður verði lögreglu áfram heimilt að stöðva notkun, verði hún vör við slíkt, og gera efni upptæk. Þá verði þeim aðilum sem teknir yrðu með neysluskammta gert skylt að sækja fundi hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna þar sem þeim yrði boðin fræðsla og aðstoð en þó verði ekki refsivert ef þeir mæta ekki til boðaðs fundar. Samhliða þessum breytingum á að efla forvarnarstarf og fjölga meðferðarúrræðum.

Í svo viðkvæmu máli og afdrifaríku þykir lögreglustjóranum á Suðurnesjum ótímabært að gera þær breytingar sem frumvarpið boðar.

Samkvæmt barnaverndarlögum eru einstaklingar börn til 18 ára aldurs. Höfum hag þeirra að leiðarljósi í þessu máli sem öðrum.

Virðingarfyllst,

Úlfar Lúðvíksson,
lögreglustjóri á Suðurnesjum

